
Til gististaða vegna nýrrar löggjafar á sviði ferðamála.

Þann 1. janúar nk. taka gildi nýlög um Ferðamálastofu nr. [96/2018](#) og lög um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun nr. [95/2018](#)

Breytt skilgreining á pakkaferð og innleiðing svokallaðrar samtengdrar ferðatilhögunar getur leitt til þess að gististaðir, sem bjóða viðbótarþjónustu, verði leyfis- og tryggingarskyldir sem ferðaskrifstofur. Sem dæmi má nefna gististaði sem auglýsa og bjóða heilsu-/spahelgi sem felur í sér gistingu og heilsutengda þjónustu, hvort sem þjónustan er seld á heildarverði eða ekki. Annað dæmi eru hótél sem útbúa pakka fyrir gesti sína. Bókun á netinu leiðir oft til þess að til verður svokölluð samtengd ferðatilhögun, það getur til dæmis gerst ef gestur fær tilboð um kaup á viðbótar þjónustu við bókun eða með bókunarstaðfestingu. Því verða forsvarsmenn gististaða að kynna sér nýja löggjöf vel, öðlast góðan skilning á þeim hugtökum sem þar eru notuð og sækja um leyfi ef við á.

Lög um Ferðamálastofu

Helstu breytingar lúta að leyfismálum, skyldu til að gera öryggisáætlanir og heimildum Ferðamálastofu til að leggja á dagsektir.

Leyfismál

Leyfi verða tvenns konar; [ferðaskrifstofuleyfi](#) og [leyfi sem ferðasali dagsferða](#), bókunarþjónustur leggjast af.

Gististaðir, sem veita aðra þjónustu en gistingu, eða beina gestum sínum í aðra þjónustu, verða að skoða starfsemi sína út frá hinni nýju löggjöf.

Seljendur [pakkaferða](#), þ.e. [skipuleggjendur](#) og [smásalar](#), og þeir sem hafa milligöngu um [samtengda ferðatilhögun](#), verða leyfisskyldir sem ferðaskrifstofur og [tryggingarskyldir](#) skv. lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun.

Hægt verður að sækja um leyfi samkvæmt nýrri löggjöf frá 1. janúar 2019.

Öryggisáætlanir

Öllum sem framkvæma eða hyggjast framkvæma [skipulagðar ferðir](#) innan íslensks yfirráðasvæðis verður, frá 1. janúar 2019, skylt að hafa skriflegar öryggisáætlanir, á íslensku og ensku, fyrir hverja tegund ferða. Óheimilt verður að bjóða ferð til sölu eða kynna á nokkurn hátt ef öryggisáætlun liggur ekki fyrir.

Leiðbeiningar varðandi öryggisáætlanir má nálgast á [vef Ferðamálastofu](#).

Lög um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun

Með lögnum er tilskipun ESB um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun [nr. 2015/2302](#) innleidd í íslenskan rétt. Markmið laganna og tilskipunarinnar er aukin neytendavernd og eru skyldur þeirra sem selja [pakkaferðir](#) eða hafa milligöngu um [samtengda ferðatilhögun](#) skilgreindar í lögnum. Jafnframt er kveðið á um aukin réttindi ferðamanna.

Nauðsynlegt er að forsvarsmenn gististaða, sem bjóða viðbótarþjónustu eða beina gestum sínum í kaup á viðbótarþjónustu sem leiðir til leyfis og tryggingarskyldu samkvæmt nýrri löggjöf, kynni sér sérstaklega ákvæði laga [nr. 95/2018](#) um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun.

Ítarlegri upplýsingar um lagabreytingarnar er að finna á [vef Ferðamálastofu](#).

Akureyri 13. desember 2018

Starfsfólk Ferðamálastofu
Stjórnsýslusvið - leyfisveitingar

